



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Heilbrigðisráðherra

Reykjavík, 26. febrúar 2024

Efni: Miðlægur biðlisti fyrir börn eftir þjónustu talmeinafræðinga.

Umboðsmaður barna óskar eftir upplýsingum um hvort það standi til að koma á miðlægum biðlistum fyrir börn eftir þjónustu talmeinafræðinga.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Löng bið eftir þjónustu talmeinafræðinga fyrir börn hefur verið viðvarandi vandamál til margra ára. Sjúkratryggingar Íslands gerðu úttekt á stöðu barna sem biðu eftir þjónustu talmeinafræðinga í desember 2021 að beiðni heilbrigðisráðuneytisins. Þar kom fram að 3.701 barn hafi verið skráð á biðlista hjá talmeinafræðingum í desember 2021. Þar af voru 947 börn skráð á fleiri en einum stað. Flest börn á biðlistum höfðu beðið í 0 – 6 mánuði (eða um 30%) en um 11% höfðu beðið lengur en 2 ár. Engar haldbærar upplýsingar liggja fyrir um hvernig þróunin hefur verið frá árinu 2021. Umboðsmaður barna fær reglulega erindi frá foreldrum þar sem athygli er vakin á því hversu langur biðtími er eftir þessari þjónustu og hefur þar komið fram að börn þurfi að bíða í tvö til fjögur ár en það er mismunandi eftir landshlutum.

Það er mikilvægt að gera öllum börnum kleift að ná eins góðum málþroska og hægt er án nokkurrar mismununar. Eðlilegur málþroski skiptir grundvallarmáli fyrir framtíð barna og er forsenda þess að börn fái notið margra annarra réttinda sinna, svo sem réttar til menntunar og þátttöku í samfélaginu. Þá hafa rannsóknir ítrekað sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og eru fyrstu árin í æviskeiði barns mikilvægust þegar kemur að talþjálfun.

Að mati umboðsmanns barna þurfa stjórnvöld að grípa til aðgerða með það að markmiði að koma í veg fyrir að börn þurfi að bíða eftir þjónustu talmeinafræðinga. Þar til því markmiði verður náð ber stjórnvöldum að sjá til þess að hægt sé að nálgast upplýsingar með reglubundnum hætti um það hversu mörg börn séu á biðlistum eftir þessari þjónustu. Slík upplýsingaöflun er grundvallarforsenda þess að hægt sé að leggja mat á stöðuna hverju sinni og grípa til viðeigandi aðgerða.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að aðildarríki Barnasáttmálans safni tölfræðilegum upplýsingum um börn til þess að hægt sé að leggja mat á stöðu þeirra. Í lokatilmælum barnaréttarnefndarinnar vegna fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til nefndarinnar lýsir nefndin yfir áhyggjum vegna skorts á tiltækum tölfræðilegum upplýsingum og beinir því til Íslands að styrkja söfnun upplýsinga um börn. Það er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari gagnrýni.

Umboðsmaður barna hefur ítrekað átt í samskiptum við heilbrigðisráðherra vegna þess hversu löng bið hefur verið eftir þjónustu talmeinafræðinga.

Þann 8. febrúar 2019 sendi umboðsmaður barna bréf til heilbrigðisráðherra vegna aðgangs barna að þjónustu talmeinafræðinga. Þar kom m.a. fram að börn sem hafi talmei er falli undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands lendi iðulega á biðlistum eftir talþjálfun og þurfi nær undantekningarlaust að bíða í tólf mánuði eða lengur eftir því að komast í þjálfun. Þá óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort það telji að framangreint fyrirkomulag tryggji börnum tímanlegan og nauðsynlegan aðgang að þjónustu talmeinafræðinga.

Svar frá heilbrigðisráðuneytinu barst 6. júní 2019. Þar var tekið undir mikilvægi þess að börn með tal- og/eða málhömlun fái viðeigandi sérfræðiþjónustu. Skortur á talmeinafræðingum hafi verið viðvarandi í langan tíma en á síðustu árum hafi verið gripið til aðgerða til að reyna að sporna við þeim vanda. Ráðuneytið tók fram að nemum í talmeinafræði hafi fjölgað sem og útskrifuðum talmeinafræðingum. Fjölgun talmeinafræðinga hafi þó ekki haldið í við vaxandi eftirspurn þó staðan sé betri en hún var. Þá kom fram að ljóst væri að útskrifuðum talmeinafræðingum muni halda áfram að fjölga og með þeim hætti eigi að vera hægt að þjónusta þennan viðkvæma hóp barna betur og stytta biðtíma.

Þann 4. febrúar 2021 sendi umboðsmaður barna á ný erindi varðandi langan biðtíma barna eftir talmeinaþjónustu og aðgengi barna að talþjálfun. Þar kom fram að þrátt fyrir fjölgun útskrifaðra talmeinafræðinga hafi biðlistar eftir talþjálfun lengst, biðtími á stofum væri að meðaltali sautján mánuðir en gæti verið allt að þrjátíu og sex mánuðir, þá væri ástandið almennt verra á landsbyggðinni. Umboðsmaður óskaði eftir að fá upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um til hvaða aðgerða ráðuneytið hygðist grípa í þeim tilgangi að bæta þjónustu við börn sem þurfa á talmeinaþjónustu að halda og tryggja snemmtæka íhlutun með því að stytta biðtíma barna.

Svar frá heilbrigðisráðuneytinu barst 19. febrúar 2021. Í svari ráðuneytisins kom fram að skortur væri á talmeinafræðingum og að sá vandi hafi verið viðvarandi í langan tíma. Einnig kom fram að þrátt fyrir að nemum í talmeinafræði og útskrifuðum talmeinafræðingum hafi fjölgað hafi sú fjölgun ekki haldið í við vaxandi þörf barna fyrir þjónustuna. Vísaði ráðuneytið til þess að heilbrigðisráðherra hefði í hyggju að leggja fram þingsályktun um stofnun

þverfaglegs landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Þá væri ljóst að með aukinni nýtingu á fjarheilbrigðisþjónustu væri mögulegt að veita fleiri börnum þjónustu án tillits til búsetu.

Þann 5. mars 2021 sendi umboðsmaður barna aftur bréf til heilbrigðisráðherra vegna biðtíma eftir talmeinaþjónustu. Þar áréttaði umboðsmaður að íslenska ríkinu beri skylda til þess að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þess að ná eðlilegum þroska sbr. 6. gr. Barnasáttmálans. Þá eigi börn líkt og aðrir notendur heilbrigðisþjónustu rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ sé á, sem miðist af ástandi þeirra, horfum og bestu þekkingu, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 74/1997. Í bréfi umboðsmanns kom jafnframt fram að óviðunandi sé að börn þurfi að bíða í allt að þrjátíu og sex mánuði eftir talmeinaþjónustu og þar sem um viðvarandi vandamál væri að ræða sem tæki til viðkvæms hóps barna væri það ámælisvert að ráðuneytið vísi til þess að ráðherra hafi í hyggju að koma fram með þingsályktunartillögu um stofnun þverfaglegs landsráðs sem lausn á þeim bráða vanda sem myndast hafi. Umboðsmaður benti á að ekki lægi fyrir hvenær viðkomandi ályktun yrði lögð fyrir Alþingi né með hvaða hætti eða innan hvaða tímaramma viðkomandi landsráði væri ætlað að leysa þann vanda sem skapast hafi varðandi biðtíma barna eftir talmeinaþjónustu. Í bréfi sínu lagði umboðsmaður áherslu á að þessi staða, sem hafi nú verið viðvarandi í of langan tíma, kallaði á tafarlaugar aðgerðir ráðuneytisins. Umboðsmaður áréttaði að í svari ráðuneytisins frá 6. júní 2019 hafi komið fram að lausn væri í sjónmáli þar sem talmeinafræðingum komi til með að fjölga. Það hafi ekki gengið eftir og ráðuneytið þurfi að leita lausna, í samvinnu við sveitarfélögin og talmeinafræðinga. Umboðsmaður tók fram að það væri óviðunandi að ráðuneytið greini ekki frá neinum aðgerðum öðrum en þeim að vísa málinu til landsráðs, sem mögulega verði sett á laggirnar, ef þingsályktunartillaga þess efnis verði samþykkt. Vandinn sé ljós og aðkallandi.

Þann 15. apríl 2021 barst svar frá heilbrigðisráðuneytinu. Þar ítrekaði ráðuneytið svar sitt frá 19. febrúar 2021. Ráðuneytið tók fram að mikilvægt væri að tryggja börnum talmeinaþjónustu og að málefnið væri brýnt. Jafnframt áréttaði ráðuneytið að heilbrigðisráðherra myndi leggja fram þingsályktunartillögu um stofnun landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið tók undir að þörf væri á aðgerðum og fjármagni í verkefnið og að mati ráðuneytisins væri stofnun fyrrgreinds landsráðs ein af þeim aðgerðum sem þörf væri á til að koma á samstarfi milli þeirra aðila sem að verkefninu koma. Að lokum kom fram að um væri að ræða áherslumál innan ráðuneytisins.

Þingsályktun um stofnun landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu var ekki lögð fyrir Alþingi eins og til stóð samkvæmt þingmálaskrá. Í maí 2021 stofnaði heilbrigðisráðherra hins vegar landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu án aðkomu Alþingis. Þann 31. ágúst 2023 óskaði umboðsmaður barna eftir upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu um það hvort landsráðið hafi fjallað sérstaklega um talþjálfun og þjónustu talmeinafræðinga.

Svar barst þann 21. september 2023. Í svari ráðuneytisins kom fram að heilbrigðisráðherra hafi falið landsráðinu að rýna stöðuna varðandi mönnun talmeinafræðinga og þann skort sem hafi verið á talmeinafræðingum en landsráðið hafi skilaði tillögum í maí 2022. Jafnframt kom fram að heilbrigðisráðherra hafi skipað starfshóp í maí 2023 um þjónustu talmeinafræðinga við börn þar sem áhersla hafi verið sett á að setja upp skýran þjónustuferil með áherslu á samþættingu þjónustu og samstarf milli kerfanna tveggja (þ.e. ríkis og sveitarfélaga) sem veita þjónustuna

ásamt því að skilgreina grunnþjónustu og veitingu hennar. Gert var ráð fyrir að starfshópurinn skilaði niðurstöðum til ráðherra fyrir 1. nóvember 2023.

Heilbrigðisráðherra skipaði annan starfshóp í nóvember 2021 sem hafði það verkefni að vinna heildstæðar tillögur um þjónustu talmeinafræðinga við börn og átti starfshópurinn að skila af sér niðurstöðum í lok mars 2022. Samkvæmt heilbrigðisráðherra var lögð áhersla á að hópurinn ynni hratt og átti að skýrast með tillögum hópsins nákvæmlega hversu löng bið væri eftir þjónustu talmeinafræðinga og hvort mögulegt væri að koma upp miðlægum biðlistum.

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum um hver áætlaður biðtími er nú eftir þjónustu talmeinafræðinga. Einnig óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort og þá hvenær standi til að koma á miðlægum biðlistum eins og ítrekað hefur verið boðað. Umboðsmaður óskar jafnframt eftir aðgangi að skýrslum þessara tveggja starfshópa sem stofnaðir voru annars vegar í nóvember 2021 og hins vegar í maí 2023.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna